



**2. FUNDUR Á MIÐÖNN 2020-21, MIÐVIKUDAGINN 9. DESEMBER KL. 11:15**

**Zoom fundur**

**1. Bréf til skólaráðs**

**A. Umsóknir um leyfi:**

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

**B. Önnur bréf:**

Einn nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs. – Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Fjórir nemendur segja sig frá námi.

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

NFFG stjórnin var með umræðufund með nýnemum í umsjónartíma. Leitað var eftir hugmyndum um viðburði sem hægt yrði að halda í samræmi við sóttvarnareglur. Ýmislegt hefur verið, jólatónleikar og bíó. Skólaráð er ánægt með framtak stjórnar NFFG á þessum fordæmalausu tímum og þau eiga hrós skilið. Önnur nemendafélög leita til þeirra. Nemendur hvattir til að panta stað fyrir árs hátíð til vonar og vara. Skóladagatalið gæti breyst eitthvað eftir áramót út frá gildandi sóttvarnarreglum.

**3. Önnur mál**

Breyting var samþykkt á 3. kafla; framvinda náms, í skólanámskrá þar sem kveðið er á um hámarkseiningafjölda nemenda á önn. Tvær nýjar vatnsvélar væntanlegar í skólann og munu verða staðsettar á 1. og 2. hæð. Heilsunefndin hyggst bjóða nemendum í skólanum upp á mandarínur o.fl. í síðustu kennsluviku fyrir jól.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Halldóra Björg Einarsdóttir fjármálastjóri NFFG

